



Umhverfis- og orkustofnun
Edda Sigríður Freysteinsdóttir
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Garðabær, 5.8.2025

Málsnúmer: 202507-0015

IAS

Efni: Umsókn um rannsóknarleyfi á vatnasviði Eyjafjarðarár

Vísað er til erindis Umhverfis- og orkustofnunar frá 8. júlí 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um umsókn Arctic Hydro um rannsóknarleyfi á afmörkuðum hluta vatnasviðs Eyjafjarðarár innarlega í Eyjafjarðardal í Eyjafjarðarsveit í Eyjafirði, með tilliti til fýsileika og hagkvæmni rennslisvirkjunar í Eyjafjarðará.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerðina með umsókninni og gerir ekki athugasemdir við veitingar rannsóknarleyfisins til fimm ára en kemur með eftirfarandi ábendingar.

Eins og fram kemur í greinargerðinni er fyrirhugað rannsóknarsvæði utan verndarsvæða en á því er eitt votlendissvæði sem fellur undir 61. laga um náttúruvernd (lög 60/2013). Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar er eitthvað meira votlendi á svæðinu en hafa ber í huga að vistgerðakortið var unnið með fjarkönnun í mælikvarðanum 1:25.000, sem greinir vistgerðir misvel. Því eru upplýsingar þess ekki óbrigðular og ekki ráðlegt að reiða sig eingöngu á kortið til að greina nákvæma útbreiðslu vistgerða.

Svæðið er lítt raskað og kortlagt sem umskiptasvæði í jaðri víðerna samkvæmt rannsóknum Wildland Research Institute, og sjá má á vefsíðu Loftmynda ehf (www.map.is). Á láglendi eru þetta tiltölulega ósnortin svæði en þó aðgengileg og ekki langt frá byggð eða öðrum ummerkjum mannsins. Á hálendinu marka hálendisslóðar þröng umskiptasvæði.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur